

1800

Föstudaginn 13. nóvember 1992.

Nr. 223/1992. Eypór Þórarinsson

gegn

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis,
Byggingarsjóði ríkisins,
Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða,
Guðmundi Aðalsteinssyni,
Búnaðarbanka Íslands,
Húsasmiðjunni hf.,
Íslandsbanka hf.,
Brunabótafélagi Íslands,
Vátryggingafélagi Íslands hf.,
innheimtumanni ríkissjóðs í Garðabæ,
bæjarsjóði Garðabæjar og
uppboðshaldaranum í Garðabæ.

Kærumál. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. maí 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að annað og síðara nauðungaruppboð á fasteigninni Eskiholti 1 í Garðabæ, sem fram fór 28. apríl 1992, verði fellt úr gildi og meðferð uppboðsmálsins í heild ómerkt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðilarnir Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Íslandsbanki hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða krefjast staðfestingar hinnar kærðu uppboðsgerðar og kærumálskostnaðar. Þá krefst Gjaldheimtan í Garðabæ og staðfestingar, en ekki kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Búnaðarbanki Íslands krefst frávísunar málsins frá Hæstarétti og kærumálskostnaðar.

Kröfur hafa ekki borist frá öðrum varnaraðilum.

Mál þetta var þingfest að beiðni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 27. apríl 1990. Fyrri sala fór fram 25. júní sama ár. Annað og síðara nauðungaruppboð fór fram 28. apríl 1992, eftir að málinu hafði verið frestað sex sinnum. Eftirfarandi var þá bókað í þingbók uppboðsréttar:

„Ár 1992, þriðjudaginn 28. apríl, er uppboðsréttur Garðakaupstaðar settur á skrifstofu embættisins og haldinn af Ólafi Þ. Hauksyni fulltrúa með undirrituðum votti.

Fyrir er tekið: 1) Að selja á nauðungaruppboði fasteignina Eskiholt 1, Garðakaupstað, sem er þinglesin eign Eyþórs Þórarinssonar.

Skjöl málsins nr. 1-91 liggja frammi, en uppboðshaldari leggur nú fram sem réttarskjöl nr. 93-94, tilkynningar, endursendar tilkynningar og auglýsing.

Af hálfu uppboðspóla mætir enginn.

Af hálfu uppboðsbeiðenda mæta Ingvar Björnsson hdl. fyrir Baldur Guðlaugsson hrl., Andra Árnason hdl., Íslandsbanka hf., Sigríði Thorlacius hdl., Brynjólf Kjartansson hrl., Búnaðarbanka Íslands og Eggert B. Ólafsson hdl., Ingi H. Sigurðsson hdl. fyrir Steingrím Eiríksson hdl., Reyni Karlsson hdl., veðdeild Landsbanka Íslands og Gjaldheimtuna í Garðabæ, og krefjast þeir þess, að sala fari fram hér og nú. Eftir að uppboðsskilmálar og veðbókarvottorð hafa verið kynnt viðstöddum, var leitað boða í eignina.

Þessi boð komu fram: kr. 200.000 frá Ingvari Björnssyni hdl. fyrir Baldur Guðlaugsson hrl.

Ákveðið er að halda þriðja og síðasta uppboð á eigninni sjálfri mánudaginn 25. 5. 1992 kl. 13.00.“

Eins og fram kemur í ofangreindri bókun, var ekki mætt af hálfu sóknaraðila við þetta uppboð. Í því sambandi er þess að gæta, að í næsta þinghaldi á undan, 20. janúar 1992, þar sem sóknaraðili var mættur, var uppboðsaðgerðum frestað til 25. maí 1992. Þeirri ákvörðun virðist hafa verið breytt utan réttar. Gögn málsins bera það hins vegar með sér, að sóknaraðila var send tilkynning um þinghaldið 28. apríl í ábyrgðarbréfi, sem ekki virðist hafa verið vitjað. Þá var sóknaraðila einnig send tilkynning í ábyrgðarbréfi dagsettu 29. apríl 1992 um fyrirhugaða þriðju sölu fasteignarinnar hinn 25. maí sama ár.

II.

Varnaraðilinn Búnaðarbanki Íslands byggir kröfu sína um frávísun á því, að uppboðsmálinu hafi ekki verið lokið, þar sem ákveðið hafi verið þriðja og síðasta uppboð. Hann telur, að áfrýjun málsins hafi farið í bága við c-lið 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Ekki eru efni til þess að taka frávísunarkröfu þessa til greina.

III.

Sóknaraðili byggir ómerkingarkröfu sína á þeim ástæðum, að uppboðsauglýsingu í Lögbirtingablaði hafi verið ábótavant, sér hafi ekki verið send tilkynning um uppboðsþingið 28. apríl 1992, uppboðshaldari hafi ekki skorað á menn þrisvar að gera yfirboð né látið hamar sinn falla, uppboðshaldari hafi verið vanhæfur til meðferðar málsins, þar sem hann hafi jafnframt verið innheimtumaður ríkissjóðs og sem slíkur aðili uppboðsins, ólöglærður maður hafi margsinnis mætt í málinu fyrir uppboðsbeiðendur, og ekki hafi verið nema einn vottur við fyrirtöku málsins í uppboðsrétti utan einu sinni.

IV.

Sóknaraðili mætti sjálfur sex sinnum í uppboðsrétti Garðakaupstaðar og hreyfði aldrei athugasemdum við meðferð málsins. Honum var send tilkynning um fyrirhugað annað og síðara uppboð með fullnægjandi hætti og átti þess því kost að gæta réttar síns þar. Við svo búið og þar sem önnur atriði leiða ekki til ómerkingar uppboðsmálsins, verður hin kærða uppboðsgerð staðfest.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Búnaðarbanka Íslands, Íslandsbanka hf., Vátryggingafélagi Íslands hf. og Lífeyrissjóði málm- og skipasmíða kærúmálskostnað, eins og í dómsorði greinir, en þá hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hin kærða uppboðsgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Eypór Þórarinsson, greiði varnaraðilunum Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Búnaðarbanka Íslands,

1803

Íslandsbanka hf., Vátryggingafélagi Íslands hf. og Lífeyris-
sjóði málm- og skipasmiða 30.000 krónur hverjum í kærumáls-
kostnað.
